

YFIRKJÖRSTJÓRN SUÐURKJÖRDÆMIS

SEM KJÖRIN VAR AF ALÞINGI 8. DAG FEBRÚARMÁNAÐAR 2018

12. fundur yfirkjörstjórnar

Haldinn með fjarfundarbúnaði mánudaginn 27. september 2021 kl. 13:30.

Mætt voru:

Þórir Haraldsson, formaður,
Sigrún G. Bates, varaformaður,
Unnar Steinn Bjarndal, ritari,
Sigrún Þórarinsdóttir, og
Jóhanna Njálsdóttir.

Gengið var til dagskrár kl. 13:30

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 11. fundar yfirkjörstjórnar var upplestin, samþykkt og undirrituð í lok síðasta fundar.

Fundargerð þessa fundar verður send fundarmönnum með tölvupósti þar sem óskað verður eftir rafrænu samþykki þeirra. Hún verður svo undirrituð næst þegar yfirkjörstjórn kemur saman.

2. Fram komnar kröfur framboðslista um endurtalningu

2.1

Formaður upplýsti yfirkjörstjórn um fram komnar kröfur framboðslista um endurtalningu, en hann hafði þegar áframsent beiðnirnar með rafrænum hætti til yfirkjörstjórnar.

Klukkan 18:37 þann 26. september sl. barst svohljóðandi erindi frá umboðsmönnum V-lista Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs:

„Hér með förum við umboðsmenn V-lista Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs í Suðurkjördæmi fram á að atkvæði þingskosninganna frá 25. september 2021, verði endurtalin. Ástæðan er sú að mjög lítill munur var á atkvæðafjölda V-lista og M-lista þegar talningu var lokið, eða einungis 7 atkvæði, einnig var lítill munur á atkvæðafjölda S-lista og hinna tveggja. Við teljum þann mun of lítinn til að útiloka að skekkjur sem geta haft áhrif á úrslit kosningarinnar hafi verið í flokkun og talningu atkvæðanna. Því gerum við þá kröfu til yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis að öll atkvæði í kjördæminu verði talin aftur.

*Með kveðju,
Valgeir Bjarnason, umboðsmaður V-lista
Þorsteinn Ólafsson, umboðsmaður V-lista“*

Klukkan 20:40 þann 26. september sl. barst svohljóðandi erindi frá umboðsmanni P-lista Pírata:

„Sæll Þórir

Oddviti og umboðsmenn Pírata í Suðurkjördæmi ræddu saman áðan og vilja að komi formlega fram, helst í gerðabók, að við styðjum við ósk VG um fulla endurtalningu. Einnig gerum við athugasemd við það að "gæðatékk" sem var endurtalning að hluta hafi farið fram án vitorðs umboðsmanna Pírata.

Einnig væri gott að fá skriflega yfirlýsingu um það hvornig atkvæða er gætt þegar talningu lauk í FSU í morgun þar til hugsanleg endurtalning fer fram.

*kveðja,
Albert Svan Sigurðsson
Umboðsmaður Pírata í Suðurkjördæmi“*

Klukkan 23:38 þann 26. september sl. barst svohljóðandi erindi frá umboðsmanni D-lista Sjálfstæðisflokksins:

„Sæll Þórir,

Fyrir hönd framboðs D-lista, Sjálfstæðisflokks, í Suðurkjördæmi óskum við eftir fullri endurtalningu á atkvæðaseðlum vegna Alþingiskosninga sem fram fór í gær, laugardaginn 25. september 2021.

Það er mikilvægt að úrslit kosninga séu hafin yfir allan vafa og í ljósi aðstæðna teljum við nauðsynlegt að endurtalning eigi sér stað til að svo megi verða.

Þá gerum við athugasemd við að gæðatékk hafi átt sér stað á talningu atkvæða án þess að umboðsmenn D-lista hafi haft um það nokkra vitneskju fyrr en eftir á og um leið ekki haft færi á að hafa lögbundið eftirlit með framkvæmdinni.

*Bestu kveðjur,
Friðrik Sigurbjörnsson
Umboðsmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi“*

Klukkan 00:14 í nótt barst svohljóðandi erindi frá umboðsmanni J-lista Sósíalístaflakks Íslands:

„Sæll Þórir

Oddviti og umboðsmenn Sósíalista í Suðurkjördæmi tókum samtál um að við styðjum formlega og viljum það ritað í gerðabók, að við styðjum ósk VG um fulla endurtalningu.

Einnig gerum við athugasemd við það að "gæðatékk" sem var endurtalning að hluta hafi farið fram án vitorðs umboðsmanna Sósíalista.

Einnig væri gott að fá skriflega yfirlýsingu um það hvernig atkvæða er gætt þegar talningu lauk í FSU í morgun þar til hugsanleg endurtalning fer fram.

Það er mjög mikilvægt að það sé engin vafi á úrslitum kosninga.

kveðja,

Þórdís Bjarnleifsdóttir

Umboðsmaður Sósíalistaflokksins í Suðurkjördæmi"

Klukkan 11:25 í morgun barst svohljóðandi erindi frá umboðsmanni S-lista Samfylkingarinnar:

„ Til formanns yfirkjörstjórnar í Suðurkjördæmi,
Þóris Haraldssonar

Fyrir hönd framboðs Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi óska ég eftir að endurtalin verði öll atkvæði sem bárust yfirkjörstjórn í Suðurkjördæmi vegna Alþingiskosninga, sem fram fóru 25. september s.l.

Óskað er eftir að umboðsmenn framboðslista verði boðaðir til að vera viðstaddir endurtalninguna.

Ennfremur óska ég eftir yfirkjörstjórn sýni þær verklagsreglur sem þeir nota við framkvæmd á móttöku atkvæða og annarra kjörgagna, yfirferð kjörgagna, framkvæmd talningar og varðveislu kjörgagna. Séu þær reglur ekki til skráðar, þá óskast þær skýrðar á fundi með umboðsmönnum og eftir atvikum spurningum þeirra svarað.

Í ljósi þess að mjög litlu munaði á síðasta kjördæmiskjörnum fulltrúa og þeim efsta sem ekki komst inn, og í ljósi þess að ríkar efasemdir hafa vaknað meðal almennra kjósenda um framkvæmd talninga, þá tel ég brýnt að styrkja vissu borgaranna um að niðurstaða kosninganna sé rétt byggð á gildum atkvæðum.

Undirrituð var viðstödd talningu atkvæða í Suðurkjördæmi, frá byrjun til loka og telur að þar hafi verið vel og vandlega að verki staðið frá upphafi til enda. Þær skýringar sem formaður yfirkjörstjórnar hefur sent umboðsmönnum um varðveislu kjörgagna eftir að talningu lauk, eru í samræmi við það og mikilvægt að þær hafi komið fram.

27. 9.2021

*F.h. S-lista Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi,
Soffía Sigurðardóttir, umboðsmaður.*

Með vísan til framangreindra erinda sendi formaður yfirkjörstjórnar umboðsmönnum allra framboðslista í kjördæminu svohljóðandi orðsendingu kl. 10:38 í dag:

„Sælir umboðsmenn framboðslista í Suðurkjördæmi.

Þar sem fram hafa komið spurningar frá umboðsmönnum um hvernig vörslu atkvæða í Suðurkjördæmi hefur verið háttað er rétt að upplýsa eftirfarandi:

Atkvæði voru talin í talningasal í Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi. Eftir lok talningar að morgni sunnudagsins 26. september yfirgaf yfirkjörstjórn talningasal þar sem voru atkvæði og önnur trúnaðargögn. Salnum var læst og dyr innsiglaðar með innsigli yfirkjörstjórnar. Síðan var húsinu læst en það er vaktað með öryggiskerfi.

Þegar Yfirkjörstjórn hélt áfram fundi kl. 13:06 í gær voru innsigli á salnum óhreyfð. Yfirkjörstjórn rauf innsigli til að halda áfram vinnu sinni.

Við lok talningar voru atkvæði og önnur trúnaðargögn innsigluð í samræmi við lög og komið í trausta vörslu í samræmi við venju þar að lútandi.

Allt ofangreint má staðreyna í gerðabók yfirkjörstjórnar.

*Með kveðju,
Þórir Haraldsson, formaður yfirkjörstjórnar.*

Klukkan 11:25 í dag barst svohljóðandi erindi frá umboðsmönnum B-lista Framsóknarflokksins:

„Yfirlýsing frá umboðsmönnum B-lista, lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi í nýafstöðnum alþingiskosningum:

„Vegna fregna í fjölmiðlum um að Yfirkjörstjórn í Suðurkjördæmi íhugi endurtalningu atkvæða lýsum við því yfir að við teljum ekki þörf á endurtalningu. Við vorum viðstaddir talninguna alveg frá byrjun til loka. Allt skipulag við flokkun og talningu var til fyrirmyndar, eftirlit yfirkjörstjórnarmanna mjög gott og ekkert sem bendir til mistaka, eða rangrar niðurstöðu.“

Umboðsmenn B-lista

Guðmundur Búason og Jón Ó. Vilhjálmsson

Formaður sagði frá því að hann hafi átt í miklum samskiptum við formann landskjörstjórnar. Þá hafi hún verið upplýst um stöðu mála á meðan yfirkjörstjórn fundaði í gær og kannaði áreiðanleika á flokkun atkvæða.

Þá hefur formaður verið í umtalsverðum samskiptum við fjölmiðla og hefur svarað fyrirspurnum þeirra í umboði annarra í yfirkjörstjórn.

2.2

Yfirkjörstjórn ræddi stöðu mála með tilliti til framangreindra erinda, ræddi lagaatriði og framhald málsins.

Ljóst er að það er sameiginlegt verkefni allra sem koma að framkvæmd kosninga með einum eða öðrum hætti, að vandað sé til verka í hvívetna og að vinnubrögð standist skoðun. Þá er ekki nóg að vinnubrögð séu vönduð og í samræmi við lagareglur, heldur þarf ásýnd á framkvæmd kosninga jafnframt að vera með þeim hætti að allir treysti því að framkvæmd kosninga sé áreiðanleg, lögmæt og niðurstöður þeirra réttar. Yfirkjörstjórn telur að vinnubrögð yfirkjörstjórnar og starfsmanna hennar, við framkvæmd alþingiskosninga 25. september sl., hafi verið vönduð og í samræmi við lög, reglur og góðar venjur. Mikilvægt er að bæði kjósendur og frambjóðendur og aðrir aðstandendur framboðslista megi treysta því að engu hafi skeikað við undirbúning, flokkun og talningu kjörseðla.

Með vísan til þess sem rætt var á fundi yfirkjörstjórnar í gær þá er ljóst að lítill munur er á fylgi framboðslista og ekki munar miklu til þess að hreyfing komist á þingmenn á landsvísu vegna niðurstöðu talningar í Suðurkjördæmi.

Yfirkjörstjórn telur að jafnvel þó það muni litlu, þá séu vinnubrögð yfirkjörstjórnar og starfsmanna hennar með þeim hætti að nær útilokað sé að frávik séu í flokkun og talningu atkvæða.

Flokkun atkvæða fer þannig fram að talningafólk flokkar atkvæði eftir merkingum. Sú merking er yfirfarin af öðrum talningarmanni. Þá fer fram talning þar sem sitt hvor talningarmaðurinn telur kjörseðla í bunka og er sú talning endurtekin. Í öllum tilfellum kvitta talningarmenn á merkingu á kjörseðlabunka. Hver flokkaður kjörseðlabunki er því yfirfarinn fjórum sinnum af að minnsta kosti tveimur talningarmönnum.

Þá er ljóst að umboðsmenn sem voru á talningarstað sinntu hlutverki sínu af nákvæmni. Engar athugasemdir komu fram af hálfu þeirra og yfirgáfu þeir talningarstað án þess að gera athugasemdir við framkvæmd talningar.

Fram hafa komið kröfur frá framboðslistum um að endurtalning fari fram. Hafa komið fram kröfur jafnt frá þeim framboðslistum sem höfðu umboðsmenn á staðnum við framkvæmd talningar og frá framboðslistum sem sendu enga umboðsmenn á staðinn.

Yfirkjörstjórn ræddi lagaatriði og er sammála því að engin skýr lagaskylda hvílir á yfirkjörstjórn að verða við fram komnum kröfum umboðsmanna framboðslistanna um endurtalningu.

Yfirkjörstjórn lýsir sig sammála þeim sjónarmiðum sem komið hafa fram í opinberri umræðu um að það sé skaðlegt fyrir lýðræðið ef það verða almennar efasemdir um að rétt sé staðið að framkvæmd kosninga, flokkun og talningu atkvæða eða vistun kjörgagna.

Með vísan til þess ákveður yfirkjörstjórn nú að fram skuli fara endurtalning á kjörseðlum í alþingiskosningum í Suðurkjördæmi sem fram fóru laugardaginn 25. september sl.

Talning skal fram kl. 19:00 í sal Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og er formanni og varaformanni falið að kalla til talningarfólk, hafa samband við verkstjóra við talningu og útvega húsnæði, tölvubúnað og annað af þeim toga.

Formanni er falið að senda tilkynningu til umboðsmanna um það hvar og hvenær talning muni fara fram.

Fundi slitið kl. 14:03.

Þannig fram farið.

Þórir Haraldsson

Sigrún G. Bates

Unnar Steinn Bjarndal

Sigrún Þórarinsdóttir

Jóhanna Njálsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,

Unnar Steinn Bjarndal, ritari Yfirkjörstjórnar